

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Mýrarhverfis.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 12. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi Mýrarhverfis. Breytingin tekur til Þingvallastrætis 36 og felur í sér færslu og stækkun á byggingarreit um 7,2 m². Þá hækkar nýtingarhlutfallið úr 0,299 í 0,302.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 2. áfanga.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 29. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi Naustahverfis, 2. áfanga.

Breytingin tekur til Sporatóns 8 og felur í sér að byggingarreitur verði lengdur um 3,4 metra til vesturs til að hægt sé að byggja sólskála við húsið.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Norður-brekku, neðri hluta.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 12. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi Norður-brekku, neðri hluta.

Breytingin tekur til Hlíðargötu 11 og felur í sér að heimilt verður að gera húsið að þrífýli.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 7. ágúst 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 21. ágúst 2024